

## 4. gr.

Undanskilin slysaftryggingu við heimilisstörf eru m.a.:

1. Slys sem hinn tryggði verður fyrir við aðrar viðhaldsframkvæmdir en taldar eru í 3. tl. 3. gr., svo sem múrbrot, uppsetningu innréttinga, lagningu gólfefna, málningu utanhúss, bílavíðgerðir og aðrar viðhaldsframkvæmdir þar sem notuð eru verkfæri sem stafað getur hætta af, svo sem rafknúnar sagir.
2. Slys sem hinn tryggði verður fyrir við ýmsar daglegar athafnir sem ekki teljast til hefðbundinna heimilisstarfa, svo sem að klæða sig og baða, borða, svara í síma og sækja póst.
3. Slys sem hinn tryggði verður fyrir á ferðalögum, svo sem í tjaldi, hjólhýsi og á hóteli.

## 5. gr.

Reglugerð þessi sem sett með stoð í 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannaftryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 15. mars 2005. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma reglur nr. 527/1995 um slysaftryggingar við heimilisstörf.

Trygging þeirra sem hafa slysaftryggt sig við heimilisstörf á skattframtali 2004 fram-  
 lengist sjálfkrafa til 31. júlí 2005, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. reglna nr. 527/1995.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. mars 2005.*

**Jón Kristjánsson.**

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um (3.) breytingu á reglugerð nr. 791/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á gulrótum og næpum í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0706.1000	Gulrætur og næpur	16.03.05-30.06.05	ótilgr.	0	0

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 14. mars 2005.*

F. h. r.  
**Níels Árni Lund.**

*Atli Már Ingólfsson.*